

Úrskurður 5/2012

Kærandi: A

Kæruefni: Úrskurður Tollstjóra nr. 13/2012 END frá 7. júní um endurákvörðun aðflutningsgjalda af þremur sendingum þar sem uppgefin einingartala vöru var röng er leiddi til vangreiðslu aðflutningsgjalda.

Með bréfi, dags 4. ágúst 2012, sem barst Ríkistollanefnd 6. sm., kærði B hdl. f.h. A, úrskurð Tollstjóra nr. 13/2012 END frá 7. júní 2012. Í hinum kærða úrskurði endurákvörðaði Tollstjóri gjöld af þrem sendingum, sem kærandi flutti til landsins árið 2009. Vangreidd aðflutningsgjöld ásamt dráttarvöxtum skv. úrskurðinum námu 2.241.207- kr. Kærandi gerir aðallega þá kröfu að ákvörðun Tollstjóra verði breytt þannig að tollmiðlunarfyriertækinu C, sem annaðist tollafgreiðslu sendingarinnar, sbr. 47. gr. tolllaga nr. 88/2005, verði gert að greiða hin endurákvörðuðu aðflutningsgjöld.

I

Í hinum kærða úrskurði Tollstjóra nr. 13/2012 END, sem kveðinn var upp hinn 7. Júní 2012, kemur fram að hin kærða endurákvörðun tekur til þriggja sendinga með sendingarnúmerin; S HEG 25 08 9 NL RTM W020, S ARN 04 08 9 NL RTM W013 OG S HEG 25 03 9 NL RTM A002 sem fluttar voru til landsins árið 2009. Sendingarnar innihéldu orkudrykk. Við endurskoðun embættisins kom í ljós að uppgefinn einingafjöldi á aðflutningsskýrslum vegna ofanefndra sendinga reyndist rangur. Uppgefinn fjöldi á aðflutningsskýrslu vegna hverrar hinna þriggja sendinga var 2.659 stykki en var í raun 63.816 stykki. Innfluttur stykkjafjöldi var því vantallinn um 183.471 stykki. Vangreidd aðflutningsgjöld ásamt dráttarvöxtum af þessum þremur sendingum námu 2.241.207- kr.

Eins og frá greinir í úrskurði Tollstjóra tilkynnti embætti hans kæranda með bréfi, dags. 13. apríl 2012, að hann hygðist endurákvæða aðflutningsgjöld af sendingunum í ljósi niðurstöðu endurskoðunar á tollafgreiðslu hennar. Kæranda var gefinn frestur til að koma að andmælum sínum til 30. apríl s.á. Hinn 26. apríl s.á. fór kærandi fram á að fresturinn yrði framlengdur til 1. júní 2012 og féllst Tollstjóri á þá beiðni. Engin andmæli bárust. Með hliðsjón af framansögðu kvað Tollstjóri upp úrskurð og gerði kæranda að greiða vangreidd aðflutningsgjöld ásamt dráttarvöxtum, samtals 2.241.207 kr. eins og áður segir.

II

Lögmaður innflytjanda (hér eftir nefndur kærandi) reisir kæru sína á því að mistök hafa átt sér stað hjá tollmiðlarafyriertækinu C, er starfar sem tollmiðlari á grundvelli opinbers leyfis eftir ákvæðum tollalaga nr. 88/2005, sbr. hér einkum XI. Kafli laganna. Keypt hafi verið sérfræðiþjónusta af Jónum Transport hf. til að annast frágang aðflutningsskýrslu á grundvelli vörureikninga, og koma fram fyrir sína hönd gagnvart Tollstjóra. Kærandi hafi lagt fram öll nauðsynleg gögn og upplýsingar, þ.m.t. vörureikninga, þar sem allar upplýsingar um hina innfluttu vöru komu skýrt og greinilega fram. Í framhaldinu hafi hann fengið upplýsingar um þau aðflutningsgjöld, er honum þar að greiða, sem hann og gerði.

Kærandi hafði veitt tollmiðlaranum umboð til að koma fram fyrir sína hönd gagnvart tolyfirvöldum m.a. vegna svokallaðrar SMT tollafgreiðslu skv. 5. mgr. 23. gr. tollalaga. Þá segir svo í kærinni:

„Tollmiðlari, sem hefur sent aðflutningsskýrslu til tollstjóra fyrir hönd innflytjanda, ber sérstaka ábyrgð eftir 33. gr. tollalaga og ber m.a. ábyrgð á röngum eða ófullnægjandi upplýsingum hafi hann vitað eða mátt vita að upplýsingar innflytjanda væru rangar eða ófullnægjandi. Í því tilviki sem um ræðir voru allar upplýsingar innflytjanda réttar en tollmiðlari gerði mistök og veitti tollyfirvöldum rangar upplýsingar sem hann verður að bera ábyrgð á. Starfsmenn tollmiðlara, sem annast gerð tollskýrslna og samskipti við tollyfirvöld vegna þeirra, skulu m.a. hafa sótt sérstakt námskeið hjá Tollskóla ríkisins til þess að öðlast fullnægjandi þekkingu á lögum og reglum sem gilda um tollmeðferð vara, þar á meðal tollflokkan, tollskýrslugerð, meðferð ótollaafgreiddra vara, ábyrgð á greiðslu aðflutningsgjalda og upplýsingum sem veittar eru tollyfirvöldum o. s. frv. Treysti umbjóðandi minn vinnubrögðum og sérþekkingu tollmiðlarans.

Í þessu sambandi má hér nefna að tollmiðlara ber skylda til þess að leggja sjálfstætt mat á hvort þau fylgiskjöl sem umbjóðandi minn leggur fram til grundvallar aðflutningsskýrslu fullnægja ákvæðum tollalaga og telji hann svo ekki vera skal hann kalla eftir gögnum sem á vantar eða nýjum gögnum í stað þeirra sem kunna að vera ófullnægjandi. Hann skal því aðeins senda aðflutningsskýrslu til tollstjóra með rammaskýti í þeim tilvikum þegar fylgiskjöl, sem liggja til grundvallar aðflutningsskýrslu, uppfylla skilyrði laganna með ótvíræðum hætti. Í þessu felst sérstök aðgæsluskylda en í tilviki þessu bar tollmiðlara að gæta þess að gera tollskýrslu fyrir hönd umbjóð- anda míns með réttum hætti og í samræmi við innsend gögn. Það gerði hann ekki og ber á því ábyrgð m.a. gagnvart tollyfirvöldum auk þess má ætla að hann hafi með þessu valdið umbjóðanda mínum tjóni.

Nú þremur árum síðar, hefur komið í ljós að C fylltu aðflutningsskýrslu ranglega út sem leitt hefur til hinnar síðbúnu endurálagningar. Mun það án efa leiða til tjóns fyrir umbj. m. svo sem fyrr greinir og hyggst umbj. m. Leita réttar síns gagnvart flutningsmiðlaranum sem bar á þessu ábyrgð, enda býður hann fram sérfræðiþjónustu sína til að annast gerð aðflutnings- skýrslna og starfar á grundvelli opinbers leyfis sem tollstjóri veitir. Er ábyrgð miðlara rík og verður innflytjandi að geta treyst því að rétt sé að tollskýrslu- gerð staðið enda hafi innflytjandi lagt fram alla reikninga og innflutnings- gjöld sem honum bar.

Ákvæði tollalaga kveða á um fjárhagslega ábyrgð miðlara þ.m.t. óskipta ábyrgð skv. 2. mgr. 127. gr. tollalaga, komi til endurákvörðunar. Geta tollyfirvöld því krafð jafnt innflytjanda sem og miðlara um greiðslu. Er umbjóðanda mínum mikilvægt að í endurákvörðun komi skýrt fram hver ábyrgð miðlarans er, þ.m.t. fjárhagsleg ábyrgð einkum og sér í lagi þar sem hann hyggst halda fram rétti sínum gagnvart miðlaranum. Óvíst er um gjaldfærni umbjóðanda míns í dag enda mun engin innflutningsstarfsemi hafa átt sér stað síðan. Sú endurákvörðun sem birtist í úrskurði tollstjóra getur hæglega leitt til gjaldþrots umbjóðanda míns.

Kærandi fær hins vegar í fljótu bragði ekki annað séð en endurákvörðun tollstjóra sé réttmæt að efni til og treystir að sé svo. Niðurstaðan sem kærd sé skortir að tekið sé á þætti miðlarans svo sem ber að gera lögum samkvæmt. Um ábyrgð tollmiðlara vísast m.a. til dóms Héraðsdóms Reykjavíkur í málinu nr. E-5105/2007; Jónar Transport hf. gegn íslenska ríkinu. Atvik þess máls sýna þá ríku ábyrgð sem hvílir á tollmiðlurum þó þau séu ekki að öllu sambærileg þessu kærumáli."

Með hliðsjón af ofansögðu gerir kærandi með vísan til 118. gr. tollalaga aðallega þá kröfu að endurákvörðun tollstjóra verði breytt þannig að C verði gerð greiðsluskyldan.

III

Ríkistollanefnd sendi kærana til umsagnar Tollstjóra með bréfi þann 16. ágúst 2012, sbr. 118. gr. tollalaga nr. 88/1988. Í umsögn Tollstjóra, sem barst þann 4. September s.á. segir m.a.:

„Eins og fram hefur komið þá keypti kærandi sérfræðipjónustu af C, sem er viðurkenndur tollmiðlari. Tollmiðlari kemur fram fyrir hönd innflytjanda við tollafgreiðslu sendinga og ber ábyrgð á því að þær upplýsingar sem veittar eru í aðflutningsskýrslum séu réttar. Tollmiðlarar teljast vera fagaðilar á sviði tollskýrslugerðar og selja þeir aðilum þjónustu á því sviði. Tollmiðlari, sem hefur sent aðflutningsskýrslu til Tollstjóra fyrir hönd innflytjanda, ber ábyrgð á röngum eða ófullnægjandi upplýsingum hafi hann vitað eða mátt vita að upplýsingar innflytjanda væru rangar eða ófullnægjandi, sbr. 33. gr. tollalaga.

Um ábyrgð á greiðslu aðflutningsgjalda er fjallað í 127. gr. tollalaga. Meginreglan kemur fram í 1. mgr. ákvæðisins en þar segir að ábyrgð á greiðslu aðflutningsgjalda hvílir á innflytjanda vöru. Undantekning getur verið gerð á þessari meginreglu þegar tollmiðlari kemur fram gagnvart tolyfirvöldum fyrir hönd innflytjanda, en þá ber tollmiðlari ásamt innflytjanda óskipta ábyrgð á greiðslu aðflutningsgjalda. Ábyrgð tollmiðlara getur þó fallið brott hafi aðflutningsgjöld verið skuldfærð á innflytjanda, nema tollmiðlari hafi vitað eða mátt vita að upplýsingar í aðflutningsskjölum væru rangar eða ófullnægjandi, sbr. 33. gr., sbr. 2. mgr. 127. gr. tollalaga.

Kærandi fer fram á að C verði gerð greiðsluskylda vegna þeirrar kröfu sem umræðir í hinum kærða úrskurði Tollstjóra. Með vísan í 2. mgr. 127. gr. tollalaga þá fellur ábyrgð tollmiðlara á greiðslu aðflutnings- gjöldum brott þegar gjöldin hafa verið skuldfærð á innflytjanda. Aðflutningsgjöld hafa verið skuldfærð á kæranda og fellur því ábyrgð C að öllu jöfnu brott nema fyrirtækið hafi í starfi sínu sem tollmiðlari gerst vís að því að hafa vitað eða mátt vita að rangar eða ófullnægjandi upplýsingar lágu fyrir til grundvallar útreikningi aðflutnings- gjalda. Tollstjóri er ekki bundin að lögum að skuldfæra greiðslu aðflutningsgjalda á tollmiðlara. Með vísan í orðalag 2. mgr. 127. gr. Tollalaga er kveðið á um óskipta ábyrgð tollmiðlara og innflytjanda á greiðslu aðflutningsgjalda en það felur í sér að Tollstjóri hefur val að hverjum er gegnið í innheimtu kröfunnar. Frumábyrgð á greiðslu aðflutningsgjalda hvílir á innflytjanda, sbr. 1. mgr. 127. gr. tollalaga. Tollstjóri hefur í framkvæmd ávallt gengið fyrst að innflytjanda til greiðslu aðflutningsgjalda og í þeim tilvikum þegar gengið er að tollmiðlara til greiðslu þá hefur innheimta verið fullreynd hjá innflytjanda.

Með vísan í málavexti sem raktir eru í kæru má, með fyrirvara um sönnun, leiða líkum að því að tollmiðlara hafi orðið á mistök sem olli umræddri endurákvörðun þriggja sendinga sem kærandi flutti inn hingað til lands. Hugsanleg mistök af hálfu tollmiðlarans fela í sér að rangur einingarfjöldi var tilgreindur í aðflutningsskýrslum. Kærandi vísar í kæru sinni í dóm Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. E — 5105/2007, Jónar Transport hf. gegn íslenska ríkinu. Í því máli var Jónar Transport hf. dæmt til greiðslu aðflutningsgjalda vegna endurákvörðunar. Þóttu þau mistök að tilgreina rangan gjaldmiðil í aðflutningsskýrslu þess eðlis að ábyrgð þeirra á greiðslu aðflutningsgjalda þótti ekki falla niður, þrátt fyrir að aðflutningsgjöld hafi verið

skuldfærð á innflytjanda. Séu borin saman mistök þau sem gerð voru í því máli og þau sem varða mál kæranda, má ef til vill fallast á það að mistökin séu þess eðlis að tollmiðlari skuli bera ábyrgð og eftir atvikum gæti þá kærandi átt endurkröfu á hendur tollmiðlara. Tollstjóri telur sig hins vegar ekki vera bærán aðila til að taka afstöðu til þessa.“

IV

Umsögn Tollstjóra var send kæranda til umsagnar með ábyrgðarbréfi þann 4. sept. 2012. Þar sem hvorki barst umsögn né nein önnur viðbrögð við tilvitnuðu bréfi ríkistollanefndar var honum send ítrekun hér að lútandi hinn 7. október 2013. Engin andsvör eða önnur viðbrögð bárust frá kæranda.

V

Svo sem að framan er rakið telur kærandi að endurákvörðun Tollstjóra sé rétt að efni til. Hann gerir á hinn bóginn þá kröfu að ákvörðun Tollstjóra verði breytt þannig að tollmiðlafyrirtækinu C, sem annaðist tollmeðferð sendingarinnar fyrir hönd kæranda, verði gert að greiða hin vangreiddu aðflutningsgjöld ásamt dráttarvöxtum. Kröfu sína byggir kærandi einkum á því að C hafi sem tollmiðlari, er starfi á grundvelli opinbers leyfis, ekki gætt þeirra aðferða, sem tollalög mæla fyrir um við tollmeðferðina. Tollmiðlarinn hafi fyrir mistök veitt tollyfirvöldum rangar upplýsingar, sem hann verði að bera ábyrgð á gagnvart tollyfirvöldum, „auk þess sem má ætla að hann hafi með þessu valdið umbjóðanda mínum tjóni“ eins og orðrétt segir í kærinni.

Kærandi telst innflytjandi vöru þeirra, sem mál þetta fjallar um. Samkvæmt skýru ákvæði 1. mgr. 127. gr. ber hann því ábyrgð á greiðslu aðflutningsgjalda af henni. Hafi tollmiðlari komið fram gagnvart tollyfirvöldum fyrir hönd innflytjanda vegna tollmeðferðar vöru ber hann ásamt innflytjanda óskipta (in solidum) ábyrgð á greiðslu aðflutningsgjalda sbr. 2. mgr. 127. gr. Samkvæmt framansögðu hvílir frumábyrgð á greiðslu aðflutningsgjalda á innflytjanda. Í samræmi við það beinir Tollstjóri í framkvæmd ætíð kröfu um greiðslu þeirra fyrst að innflytjanda. Reynist innflytjandi ekki greiðslufær getur hann með vísan til þessa ákvæðis beint kröfu um greiðslu aðflutningsgjaldanna að tollmiðlara, hafi viðkomandi innflytjandi gert samning um slíka þjónustu.

Í málinu liggur fyrir að kærandi greiddi hin vangreiddu aðflutningsgjöld að fenginni kröfu þar um frá Tollstjóra. Af þeim sökum reyndi ekki á ábyrgð tollmiðlara. Það er mjög í samræmi við reglur um óskipta ábyrgð, sem m.a. fela í sér að greiði skuldari kröfu losna aðrir ábyrgðaraðilar undan greiðsluskyldu sinni gagnvart kröfuhafa. Greiðandi kann á hinn bóginn að eiga endurkröfu að hluta eða öllu leyti á hendur þeim, sem ber hina óskiptu ábyrgð með honum. Að mati ríkistollanefndar lýtur ágreiningsefni, sem kærandi vill fá skorið úr um í máli þessu, í raun að því hvort hann kunnir að eiga kröfu á hendur C vegna vanefnda þess síðarnefnda á samningi þeirra um að hann annist tollmeðferð sendingarinnar.

Samkvæmt 118. gr. tollalaga getur tollskyldur aðili skotið eftirtöldum úrskurðum tollstjóra til ríkistollanefndar: Úrskurði um endurákvörðun aðflutningsgjalda skv. 111. — 113. gr., úrskurði um leiðréttingu skv. 116. gr. og loks kærúrskurði skv. 117 gr. Ríkistollanefnd er þannig að lögum aðeins ætlað að skera úr ágreiningi tollskyldra aðila og tollyfirvalda um gjaldskyldu, fjárhæð aðflutningsgjalda eða atriða, sem liggja til grundvallar ákvörðun aðflutningsgjalda, svo sem tollverð og tollflokkun. Hvorki ríkistollanefnd né Tollstjóra er á hinn bóginn að lögum ætlað að skera úr ágreiningi um efni samninga á milli innflytjenda og

tollmiðlara um tollmeðferð sendingar né öðrum ágreiningi þeirra á milli. Þá þykir að auki ekki hjá því komist að vekja athygli á því að C hefur ekki verið gefinn kostur á koma að sjónarmiðum sínum í málinu, sbr. einkum 13. gr. stjórnsýslulaga.

Í því máli, sem hér er til úrlausnar, liggur fyrir að enginn ágreiningur er með aðilum um tollskyldu hinnar innfluttu vöru eða fjárhæð aðflutningsgjalda skv. úrskurði Tollstjóra þar að lútandi. Með vísan til þess, sem nú hefur verið rakið, og forsendna hins kærða úrskurðar Tollstjóra er hann því staðfestur. Kröfu um að C verði gerð greiðsluskylda í máli þessu er hins vegar vísað frá.

Ríkistollanefnd kveður upp svofelldan

Ú R S K U R Ð

Með vísan til 1. mgr. 118. gr. tollalaga nr. 88/2005 er hinn kærði úrskurður Tollstjóra nr. 13/2012 END staðfestur. Kröfu um að C verði gerð greiðsluskylda er vísað frá.